

ICELANDAIR GROUP HF. - AÐALFUNDUR 12. MARS 2025

Rafrænn fundur - Bein útsending frá höfuðstöðvum Icelandair, Flugvöllum 1, 221 Hafnarfirði - kl. 16:00

Stjórn Icelandair Group hefur ákveðið að aðalfundur félagsins þann 12. mars 2025 verði haldinn rafrænt, sbr. grein 4.6 í samþykktum félagsins. Hluthafar sem hyggjast sækja fundinn skulu tilkynna þátttöku sína með tveggja daga fyrirvara og leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða gögn sem lögð verða fram á fundinum og þeir óska svara við, sbr. grein 4.4 í samþykktum félagsins. Skráning á fundinum fer fram í gegnum www.lumiconnect.com/meeting/icelandairgroupagm2025. Skráðir þátttakendur munu fá sendar upplýsingar í tölvupósti fyrir fundinn um hvernig þeir geta tekið þátt og greitt atkvæði ásamt tengli á beina útsendingu fundarins. Fundinum verður streymt beint frá höfuðstöðvum Icelandair en opið verður fyrir mætingu á staðinn. Atkvæðagreiðsla og umræður verða þó einungis rafrænar. Fundurinn verður haldinn á íslensku en bein þýðing á ensku verður í boði bæði í beinni útsendingu í streyminu og á fundarstað.

DAGSKRÁ:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
- 2) Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu
- 3) Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
- 4) Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu
- 5) Skýrsla og tillögur tilnefninganefndar um skipan stjórnar
- 6) Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd
- 7) Kosning stjórnar félagsins
- 8) Tilnefning til endurskoðunarnefndar
- 9) Kosning endurskoðanda
- 10) Breyting á samþykktum félagsins
- 11) Heimild til kaupa á eigin bréfum
- 12) Önnur mál löglega fram borin

Nánari upplýsingar:

Ari Guðjónsson, yfirlögfræðingur
Netfang: ari@icelandairgroup.is, sími: +354 661-2188

Viðhengi

[AGM2025 IS Agenda And Proposals](#)
[Nomination Committee Report 2025](#)
[Remuneration Policy](#)